# STARFSÁÆTLUN 2025-2026

# Hrafninn Frístundaklúbbur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## 1. Hagnýtar upplýsingar:

Hrafninn er frístundaklúbbur fyrir börn í 5.- 10. bekk. Hrafninn er staðsettur í Skálaheiði 2 við íþróttahúsið á Digraneshæð. Fjöldi skráðra barna í Hrafninum er 28. Ásgerður Stefanía Baldursdóttir er forstöðumaður Hrafnsins. Síminn er 441- 9381 / 897-0013 og netfang asgerdurs@kopavogur.is. Hrafninn er opinn frá því að skóla lýkur á daginn kl. 13:00- 16:30 þá daga sem skólinn starfar. Boðið er upp á dagopnanir á skipulags-, foreldraviðtalsdögum, og jóla-og páskaleyfum grunnskóla frá kl. 8:00- 16:30. Mið er tekið af opnunum frístundaheimila skóla Kópavogs. Skrá þarf sérstaklega börnin þessa daga og fer skráning fram í gegnum völu frístundavefinn viku fyrir opnanir.

## 2. **Dagatal**

Í dagatali Hrafnsins eru upplýsingar um dagopnanir og skerta daga fram að sumri, ásamt upplýsingum starfsmannafræðslu fyrir starfsmenn. Einnig erum við búin að setja inn viðburði sem við ætlum að gera með börnunum í starfi Hrafnsins fram að áramótum sem og viðburði á vegum samfés.

| Ágúst | September | Október | Nóvember | Desember | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí | Júní | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F Lokað | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M | 1 F Lokað | 1 S | 1 S | 1 M Dagopnun | 1 F Verkalýðsd. | 1 M | Salaskóli |
| 2 L | 2 Þ | 2 F | 2 S | 2 Þ | 2 F Dagopnun | 2 M | 2 M | 2 F Lokað | 2 L | 2 Þ | Snælands |
| 3 S | 3 M | 3 F S.D - Sala - Samfés | 3 M | 3 M | 3 L | 3 Þ | 3 Þ | 3 F Lokað | 3 S | 3 M | Hörðuvalla |
| 4 M Lokað | 4 F | 4 L Samfés | 4 Þ | 4 F | 4 S | 4 M | 4 M | 4 L | 4 M | 4 F | Kópavogs |
| 5 Þ Sumarfrístund | 5 F | 5 S Samfés | 5 M | 5 F | 5 M S.D - Sala, Hörðu | 5 F | 5 F | 5 S | 5 Þ | 5 F | Álfhóls |
| 6 M Sumarfrístund | 6 L | 6 M | 6 F F.V- Kópsk | 6 L | 6 Þ | 6 F | 6 F | 6 M Lokað | 6 M | 6 L | |
| 7 F Sumarfrístund | 7 S | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S | |
| 8 F Sumarfrístund | 8 M | 8 M | 8 L | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F | 8 M Opnum 12:00 | |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M | 9 F | 9 L | 9 Þ Opnum 12:00 | |
| 10 S | 10 M | 10 F S.D- Álf, Snæ, Hörð | 10 M | 10 M | 10 L | 10 Þ F.V - Kópsk | 10 Þ Skipulagsd. | 10 F | 10 S | 10 M Skólaslit | |
| 11 M Sumarfrístund | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 M | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F | |
| 12 Þ Sumarfrístund | 12 F | 12 S | 12 M Skipulagsd. | 12 F | 12 M | 12 F | 12 F | 12 S | 12 Þ | 12 F | |
| 13 M Sumarfrístund | 13 L | 13 M | 13 F | 13 L | 13 Þ | 13 F | 13 F | 13 M | 13 M | 13 L | |
| 14 F Sumarfrístund | 14 S | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M | 14 L | 14 L | 14 Þ Skertur - Sala | 14 F Uppstigningard | 14 S | |
| 15 F Sumarfrístund | 15 M | 15 M | 15 L | 15 M | 15 F | 15 S | 15 S | 15 M Skertur - Sala | 15 F Dagopnun | 15 M Sumarfrístund byrjar | |
| 16 L | 16 Þ | 16 F | 16 S | 16 Þ | 16 F | 16 M | 16 M | 16 F | 16 L | | |
| 17 S | 17 M | 17 F | 17 M | 17 M | 17 L | 17 Þ | 17 Þ | 17 F | 17 S | | |
| 18 M Skipulagsd. | 18 F | 18 L | 18 Þ | 18 F | 18 S | 18 M Öskudagur | 18 M | 18 L | 18 M | | |
| 19 Þ Skipulagsd. | 19 F | 19 S | 19 M | 19 F Dagopnun | 19 M | 19 F Vetrarfrí - Lokað | 19 F | 19 S | 19 Þ | | |
| 20 M Skipulagsd. | 20 L | 20 M | 20 F | 20 L | 20 Þ S.D - Álfhóls | 20 F Vetrarfrí - Lokað | 20 F | 20 M | 20 M | | |
| 21 F Skipulagsd. | 21 S | 21 Þ | 21 F | 21 S | 21 M | 21 L | 21 L | 21 Þ | 21 F | | |
| 22 F Skipulagsd. | 22 M | 22 M | 22 L | 22 M Dagopnun | 22 F | 22 S | 22 S | 22 M | 22 F | | |
| 23 L | 23 Þ | 23 F S.D - Kóp | 23 S | 23 Þ Lokað | 23 F | 23 M | 23 M | 23 F Sumard. Fyrsti | 23 L | | |
| 24 S | 24 M | 24 F S.D - Kóp, Snælands | 24 M | 24 M Lokað | 24 L | 24 Þ | 24 Þ | 24 F | 24 S | | |
| 25 M Skólasetning | 25 F | 25 L | 25 Þ | 25 F Lokað | 25 S | 25 M | 25 M | 25 L | 25 M [illegible] | | |
| 26 Þ | 26 F | 26 S | 26 M | 26 F Lokað | 26 M F.V- Snæland | 26 F | 26 F | 26 S | 26 Þ | | |
| 27 M | 27 L | 27 M Vetrarfrí - Lokað | 27 F | 27 L | 27 Þ | 27 F | 27 F Skertur - Hörðu | 27 M | 27 M | | |
| 28 F | 28 S | 28 Þ Vetrarfrí - Lokað | 28 F | 28 S | 28 M Skertur - Sala, F.V - Hörðu | 28 L | 28 L | 28 Þ | 28 F | | |
| 29 F | 29 M | 29 M | 29 L | 29 M Dagopnun | 29 F | | 29 S | 29 M | 29 F | | |
| 30 L | 30 Þ | 30 F | 30 S | 30 Þ Dagopnun | 30 F | | 30 M Dagopnun | 30 F | 30 L | | |
| 31 S | | 31 F | M | 31 M Lokað | 31 L | | 31 Þ Dagopnun | | 31 S | | |

Lokað í Hrafninum

Dagopnun - Þarf að skrá sérstklega á þá daga, greitt aukalega

S.D daga þarf að skrá sig sérstaklega á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## 2. **Starfið í vetur**

### Starfið í vetur – félagsmiðstöðvar

Í frístundaklúbbnum gefst börnum tækifæri á að dvelja við leik og við skapandi störf eftir að skólastarfi lýkur. Markmið Hrafnsins er að veita öllum börnum sem sækja Hrafninn öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagt frístundastarf sem tekur mið af áhuga og getu hvers og eins. Áhersla er lögð á að gefa röddum barnanna vægi í starfi Hrafnsins, hlusta á raddir þeirra og bregðast við í samræmi, tryggja þeim jöfn tækifæri og styrkja þau og efla

til þroska og þátttöku í samfélaginu. Haft er að leiðarljósi í öllu starfi Hrafnsins fagleg vinnubrögð, virðing fyrir einstaklingnum og gott foreldrasamstarf og við þá aðila sem koma að barninu í anda farsældarlagana.

Lýsing á starfi við skóla

Forstöðumaður er í góðum samskiptum við skóla þeirra barna sem koma í Hrafninn og situr teymisfundi i skólum hjá öllum börnum sem eru í Hrafninum ef þurfa þykir. Forstöðumaður notast við einstaklingaáætlun sem er gerð fyrir hvert barn í hverjum skóla fyrir sig og vinnur útfrá því einstaklingsáætlun fyrir börnin í Hrafninum

Lýsing á samstarfi við velferðarsvið

Forstöðumaður Hrafnsins vinnur náið með velferðarsviði bæjarins. Á flestum teymisfundum situr starfsmaður velferðarsviðs ásamt forstöðumanni. Oft þarf að hafa samband við ráðgjafa á frístundasviði til þess að spegla áætlanir og fá upplýsingar um börnin sem sækja Hrafninn. Einnig er náið samstarf við barnavernd kópavogs í þeim tilfellum sem það þarf.

Lýsing á samstarfi við félagsmiðstöðvar

Hrafninn á í góðum samskiptum við félagsmiðstöðvar og þá sérstaklega þær félagsmiðstöðvar þar sem við erum með börn á unglingastigi. Mánaðarlega er farið í heimsóknir í Pegasus og Höfuðborgina. Einnig hafa starfsmenn ásamt barni sótt viðburði á vegum félagsmiðstöðvanna. Það eru alltaf nokkrir unglingar hjá okkur sem vilja sækja félagsmiðstöðvarnar á kvöldin og það væri gagnlegt á nýju starfsári að skoða leiðir til að styðja þau enn frekar til þátttöku í sinni félagsmiðstöð ef áhugi er fyrir hendi. Forstöðumaður telur mikla þörf á að bæta þessa þjónustu við ungmennin. Þau geta mörg hver ekki sótt sína félagsmiðstöð ein síns liðs.

Í ár ætlum við til að bjóða nemendum og foreldrum að fara með unglingunum á jólahlaðborð og á árshátíð í sínum skóla. Hrafninn fer á hverju ári í unglingalandsmót Samfés.

Lýsing á samstarfi við aðra aðila

Forstöðumaður eru í góðu samstarfi og samtölum við aðra sambærilega frístundaklúbba á höfuðborgarsvæðinu. Stefnan er að hittast 2x á hvorri önn á vinnufundum til þess að bera saman bækur og fá hugmyndir hvort frá öðru.

## Viðburðir í vetur

Við erum búin að skipuleggja að minnsta kosti 1-2 viðburði í mánuði fyrir börnin fram að áramótum. Eftir áramót munum við taka stöðuna og skipuleggja næstu 4 mánuði. Við gerum mánaðarplan fyrir hvern mánuð ásamt því að gera einstaklingsáætlun fyrir þá sem þurfa í samráði við foreldra og skóla. Mánaðarplan er sent út á foreldra hver mánaðarmót.

*Viðburðir fram að áramótum:* Bingó – Halloween föndur – Halloween ball – Bolagerð – sund - slímgerð – bakstur -kertagerð – Piparkökuskreytingar – Litlu jól.

Viðburðir í samvinnu við félagsmiðstöðvar

Þátttaka á viðburðum á vegum samfés

Í ár er landsmót samfés haldið á Blönduósi dagana 3.-5.október. Þar gefst þeim unglingum að sækja félagsstarf og taka þátt í smiðjum og eiga hlut í að koma að nemendaráði samfés. Í ár förum við með 4 unglinga ásamt þremur starfsmönnum og erum með nemendunum allt landsmótið og styðja þau í að taka þátt. Þetta er mjög mikilvægt skref fyrir okkur að gefa þeim unglingum sem sækja Hrafninn tækifæri á að fara á þennan frábæra viðburð á vegum samfés.
Í ár stefnum við einnig á að fara á fleiri viðburði tengdum samfés.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 4. **Hópastarf**

Hópastarf - Haft að leiðarljósi grunnstoðir Barnasáttmálans gr. 2, gr.3, gr. 6, gr. 12, og gr. 42, og Heimsmarkmiðin 3, 4, 5, 12 og 16.




## Hópastarf

Í öllu okkar starfi þá vinnum við með hugsjón Barnasáttmálans og margt í okkar starfi tengist heimsmarkmiðunum. Starfsfólk Hrafnsins hefur unnið að kortlagningu í tengslum við heimsmarkmiðin og er það á stefnunni að tengja og gera betur grein fyrir í starfi Hrafnsins og í samvinnu við börnin sem sækja Hrafninn. Við leggjum mikla áherslu á virkni, jafnrétti og draga úr ójöfnuði. Hrafninn er sértækt frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga sem eru búsett og hafa lögheimili í Kópavogi. Markmið okkar er að bjóða uppá fjölbreytt starf þegar skóladegi þeirra lýkur. Einnig leggjum við áherslu á að hafa dagskrá fyrir börnin sem og einstaklingsmiðaða dagskrá ef þörf er á hverju sinni. Í Hrafninum leggjum við ríka áherslu á lýðræði og hvetjum börnin til að hafa áhrif á starfið í Hrafninum. Til að mynda aðstoða börnin okkur við að gera mánaðarplan og matseðil fyrir hverja viku. Í fyrra setum við upp hugmyndakassa þar sem börnin skrifuðu það sem þau langar að gera hjá okkur í Hrafninum, mánaðarplan er gert með þær hugmyndir til hliðsjónar. Þessa hugmynd erum við að nota enn á þessu ári, þar gefst börnunum tækifæri að koma með sýnar hugmyndir af hópastarfi hvers dags. Markmið í starfinu er að veita börnum og unglingum sem þar dvelja öruggt athvarf, fastan punkt í tilveruna og bjóða þeim upp á skipulagðar frístundir þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Unnið er að því að hverjum og einum líði vel og finnist gott að koma í Hrafninn þar sem hægt er að njóta sín í öruggu og skemmtilegu umhverfi. Við vinnum markvisst að því að virkja félagstengsl barnanna í Hrafninum, hjá okkur hitta þau oft jafnoka sína og gleðjumst við þegar þau mynda vinatengsl hjá okkur. Við förum meðal annars einu sinnu í viku í sund og einu sinni í viku í íþróttahúsið í Digranesi. Við vonumst eftir því að geta verið í meiri samvinnu við félagsmiðstöðina í Álfhólsskóla og  Salaskóla þar sem flestir unglingarnir okkar koma úr þessum skólum.

## Hópastarf

Í starfi Hrafnsins er matreiðslu- og bökunarklúbbur, íþróttaklúbb, ævintýraklúbbur, sundklúbbur, allskonar föndursmiðjur, kvikmynda/leikmyndaklúbb, dansklúbb og af og til eru haldnir minni viðburðir líkt og ball, leynivinavika, bingó, Among us keppni, Kahoot og just dance,  og fleira skemmtilegt sem börnin vilja gera.  Klúbbastarfið í Hrafninum er mjög mikilvægt þar sem börnin fá að velja sér sitt áhugamál við hæfi.  Í fyrra byrjuðum við með hróshring sem gekk mjög vel. Það er eitthvað sem við ætlum að halda áfram með þar sem þá er mikilvægt að geta gefið hrós og að geta tekið á móti hrósi. Einnig höfum við prufað að hafa rafmagnslausan dag en þá eru engin raftæki eða ljós notuð og það hefur gengið vel.

## Sumaropnun  (gera stuttlega grein fyrir)

Á sumrin erum við með veigamikið námskeið fyrir börn á öllum grunnskólaaldri eða frá 6-16 ára og fer það ört stækkandi með hverju árinu. Við erum með opið í 8 vikur á sumrin með pláss fyrir 25 börn í hverri viku og erum með stöðugildi fyrir 20 starfsmenn.
Þetta sumar skiptum við námskeiðinu upp í 6-11.ára voru saman og höfðu aðstöðu í frístundinni í Álfhólsskóla. Forstöðumaðurinn þar var Þórný Edda Aðalsteinsdóttir. Hrafninn sá svo um að þjónusta 12 – 16.ára ungmenni. Yngrideildinn fékk stöðugildi fyrir 17

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

starfsmenn og pláss fyrir 20 börn, Hrafninn var með 20 stöðugildi og pláss fyrir 25 börn. Mikil aðsókn var á bæði námskeiðin og voru þau öll full. Mikil samgangur var á milli námskeiðanna bæði voru starfmenn lánaðir fram og til baka en einnig höfðu börnin sem voru í frístundinni aðgang af öllum búnaði Hrafnsins. Miðað við stærð og umfang beggja námskeiða er mikilvægt að hafa þau aðskilin. Það mynduðust ekki eins langir biðlistar hjá okkur þetta árið eins og hefur verið seinustu ár.

Hugmyndir fyrir næsta sumar?
Það er mikil þörf fyrir að námskeiðinu verður skipt svona upp til frambúðar bæði vegna þess að fjöldi barna sem sækir námskeiðin á sumrin er orðin mikil og bæði húnsæðið í Hrafninum sem og stöðugildi ráða ekki við þann fjölda barna sem koma til okkar á hverju sumri. Því er mikilvægt að á næsta ári verði þetta skipulagt betur en ekki hent upp á 3 vikum eins og það var gert núna. Einnig ef það er líka skoða út frá aldursbili barnanna þá er alltof mikið bil að hafa barn sem er að klára 1.bekk og barn sem er að byrja í framhaldskóla á sama námskeiði þar sem það er ekki hægt að gera sömu kröfur á þetta aldursbil.

## 5. Barna og ungmennaráð

Annan hvern föstudag hittast börn/unglingar í Hrafninum og skipuleggja dagskrá fyrir næsta mánuð sem og ræða hvernig síðasta vika gekk.  Á þessum fundi ræðum við líka um góð samskipti og önnur mál sem krakkarnir vilja ræða.

Í vetur ætlum við okkur að fara á barnaþing Kópavogsbæjar, vinnum það í samstarfi við skólana.

## 6. **Foreldrasamstarf**

Lögð er áhersla á gott samstarf milli foreldra og Hrafnsins. Forstöðumaður sendir út tilkynningar og upplýsingar um starfsemi Hrafnsins í tölvupósti til foreldra. Öllum póstum sem berast er svarað eins fljótt og hægt er og öll skilaboð sem berast er farið yfir um leið og þau berast. Mánaðarskipulag er sent út í byrjun hvers mánaðar þar sem kemur fram dagskrá og þema hvers mánaðar. Forstöðumaður er í samstarfi við ráðgjafa velferðarsvið þegar kemur að teymisfundum barna sem eru skráð í Hrafninn. Teymisfundir eru á 4-6 vikna fresti.

## 7. **Verkferlar í starfi sértækrar félagsmiðstöðvar/frístundaklúbbs**

Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.

Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
Ef slík mál koma upp tekur forstöðumaður á þeim málum. Fyrst er leitað til ráðgjafa á velferðarsviði og tilefni er til hefur forstöðumaður samband við barnavernd og vinnur málið áfram með þeim
Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)

Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.

Gátlistar í sértæku hópastarfi
Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun (samstarf við húsvörð starfsstöðvar)
Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og upplýsir starfsfólk.

# 9. **Innra mat**

Starfsmenn setjast reglulega niður með börnunum og vinna að dagskrá fyrir mánuðinn. Þar gefst börnunum tækifæri að láta í ljós skoðanir sínar. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku barna og starfsmanna á fundinum. Einu sinni í mánuði setjast starfsmenn og forstöðumaður saman niður og fara yfir það hvað má betur fara og hvað gekk vel í mánuðinum. Við notum líka mætingartölur og samtal við krakkana við mat á starfið okkar

# 10. Umbótaáætlun starfsstöðva

Í vetur ætlum við að leggja meiri áherslu á samstarf við foreldra barnanna þar sem í mörgum tilfellum koma foreldrar ekki inn á starfstöðina þar sem börnin eru flest sótt með ferðaþjónustu bílum. Einnig ætlum við að vera duglegri að fara á viðburði tengdum samfés. Leggjum áherslu á að bæta þjónustu við ungmennin sem sækja félagsmiðstöðvar en það er ekki inn í launaáætlun Hrafnsins.

- Við munum senda fleiri pósta og upplýsingar um það sem við erum að gera hér vikulega með börnunum.
- Stefnan er sett á foreldrakaffi hér í hrafninum á sitthvorri önninni.

# 11. Símenntunaráætlun

Hrafninn er með einn starfsdag á hvorri önn og eru þeir frá kl. 13:00 – 17:00. Þessir dagar eru nýttir til fræðslu, skipulags og framkvæmda. Starfsfólki býðst fræðsluerindi 1x á önn tengt starfi sínu. Í ár eru þau námskeið bæði til þess að efla menningu innan starfsmannahópsins en einnig til þess að efla starfið fyrir ungmennin og láta starfsmönnum líða betur í starfi.

- María á greininga og ráðgjafarstöð ríkisins heldur erindi
- Áhættuhegðun ungmenna
- Að vera góður starfsmaður í starfsmannahóp.
- Að fá starfsmann frá launadeild – lesa á launaseðil.

Starfsfólki Hrafnsins býðst einnig upp á að sækja önnur fræðsluerindi frístundadeildar þar sem starfsfólk félagsmiðstöðva og ungmennahúss Molans sækja.

Starfsmannafundir eru haldnir með forstöðumanni 1x á tveggja mánaða fresti þar sem farið er yfir skipulag, starfið og starfsfólk upplýst ef þurfa þykir um einstaka mál og getur komið sínu á framfæri.

# 12. Fjöldatölur 2023-2024

- September = 26
- Október= 24
- Nóvember = 25
- Desember = 25
- Janúar = 25

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

- Febrúar = 24
- Mars =24
- Apríl = 26
- Maí = 24

## 13. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Ásgerður Stefanía Baldursdóttir Forstöðumaður Hrafnsins

Guðmunda Brynja Óladóttir, Aðstöðuforstöðumaður

Agnes Sigrún Diego, Frístundaleiðbeinandi

Aldís Lilja Sigurðardóttir Frístundaleiðbeinandi

Andrea Ölversdóttir Frístundaleiðbeinandi

Anna Thelma Stefánsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Arnór Helgason Frístundaleiðbeinandi

Aron Snær Ingason, Frístundaleiðbeinandi

Ágústa Ýr Jóhannesdóttir Frístundaleiðbeinandi

Daði Helgason Frístundaleiðbeinandi

Dagbjartur Óskarsson Frístundaleiðbeinandi

Ellý Freysdóttir, Frístundaleiðbeinandi

Emilía Halldórsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Gísli Ölversson, Frístundaleiðbeinandi

Gunnar Hrafn Kristjánsson Frístundaleiðbeinandi

Helga Dögg Þorsteinsdóttir, Frístundaleiðbeinandi

Herdís Hallsteinsdóttir, Frístundaleiðbeinandi

Jóhannes Kári Sigurjónsson, Frístundaleiðbeinandi

Jón Hilmir Haraldsson, Frístundaleiðbeinandi

Karl Ágúst Karlsson Eriksen Frístundaleiðbeinandi

Katrín Rut Kvaran, Frístundaleiðbeinandi

Rakel Ösp Hannah Frístundaleiðbeinandi

Viðar Örn Svavarsson, Frístundaleiðbeinandi

Viktor Andri Hafþórsson Frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026